# VINNSLUTILLAGA DEILISKIPULAGS BIRKILUNDAR Í LANDI SAURA - BLAÐ 2/2

# SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR




Nýtt deiliskipulag öðlast gildi samhliða niðurfellingu deiliskipulags frá 1987 sem er sýnt hér fyrir neðan.




Deiliskipulag frá 1987. Fellt úr gildi við gildistöku nýja deiliskipulagsins.

## 1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Deiliskipulag Birkilundar í landi Saura er innan frístunda- og íbúðarbyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis í landi Saura skv. staðfestu Aðalskipulagi Helgafellsveitar 2012-2024. Skipulagssvæðið er í landi Saura í Helgafellssveit. Byggðin er á suðurhluta landsins, en íbúðarhús og útihús eru norðan við byggðina. Jörðin Saurar er lögbýli og liggur að Vigrafirði í norðvestri og Álftafirði í norðaustri. Í suðaustri eru jarðamörk Saura og Hóla um Brettingsstaðalæk. Í suðvestri liggja jarðamörk að Innri og Ytri Drápuhlíð, Skildi og Arnarstöðum. Skipulagssvæðið liggur um kjarri vaxna ása í um 20-40 m y.s. Svæðið liggur umhverfis Skjaldarvatn. Aðeins er fært fótgangandi að vatninu að norðanverðu þar sem mikið mýrlendi liggur að því að sunnanverðu. Á Langaás austan við skipulagssvæðið er skógræktarsvæði.

Innan skipulagssvæðis eru skilgreindar 39 frístundalóðir sem eru nú þegar stofnaðar nema Birkilundur 16a, búið er að byggja á sumum lóðum. Á norðanverðu svæðinu eru skilgreindar 16 íbúðarlóðir sem eru nú þegar stofnaðar og byggðar þ.e. allar nema Birkilundur 35, 40a, 50a og 50b. Einnig er gert ráð fyrir stórri lóð fyrir útleiguhús að austanverðu skipulagssvæðisins að stærð 27.249 m². Frístunda- og íbúðalóðir eru á bilinu 3025 m² til 18.341 að stærð, en flestar eru um 5000 m².

### 1.1 Markmið og forsendur skipulagsins

Markmið þessa deiliskipulags er að setja fram skilmála og hnitfestan uppdrátt sem er í samræmi við núverandi reglugerðir og lög. Í gildi er skipulagsuppdráttur sem teiknaður var af Ólafi Guðmundssyni árið 1987. Einnig var unnin breytingartillaga á gildandi deiliskipulagi af Teiknistofunni Eik, sú tillaga fékk aldrei lögformlegt gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Árið 2006 var unnið deiliskipulag af Landlínum, en það skipulag náði ekki heldur gildi. Við vinnslu þessa skipulags eru allar ofangreindar skipulagsáætlanir hafðar til hliðsjónar. Landið er vaxið birkikjarri á holtum og á láglendi er votlendi en sérstaklega við Skjaldarvatn. Mikilvægt er að taka tillit til vistgerðanna við áframhaldandi skipulagsvinnu á svæðinu.

### 1.2 Aðrar skipulagsáætlanir

**Aðalskipulag**

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 13. ágúst 2015 sem var samþykkt af sveitarstjórn Helgafellssveitar þann 12. maí 2015. Frístundabyggðin í Birkilundi er undanskilin forsendum um að 25% af heildarstærð svæðisins skuli fara undir götur, stíga og opin svæði og að lágmark stærð frístundalóða sé 0,5 ha að stærð sbr. gildandi aðalskipulagi.

Aðalskipulaginu var breytt með tilkomu þessa deiliskipulags í samræmi við fyrirhugaða uppbyggingu. Aðalskipulagsbreytingin er auglýst samhliða kynningu á deiliskipulagsáætluninni. Breyting aðalskipulags felur í sér að hluti af frístundabyggð og landbúnaðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði vegna útleiguhúsa. Einnig stækkar íbúðarbyggðin sem nemur fjórum íbúðarlóðum, þrjár þeirra eru nyrst á svæðinu þ.e. Birkilund 50, sem áður var á landbúnaðarsvæði og tvær nýjar lóðir, sem staðsettar eru sunnan við Birkilund 50. Fjórða íbúðarlóðin er austast á svæðinu þ.e. Birkilundur 44, sem áður var frístundalóð. Deiliskipulag þetta samræmist ofangreindri breytingu aðalskipulags.

**Deiliskipulag**

Í gildi er deiliskipulag fyrir Birkilund frá 1984. Samkvæmt því er gert ráð fyrir 44 lóðum fyrir frístundahús en engir skilmálar fylgja því skipulagi. Árið 2002 var unnin breytingartillaga á deiliskipulaginu (Teiknistofan Eik) sem fól í sér heildarendurskoðun og fjölgun lóða. Tillagan var auglýst og samþykkt í sveitarstjórn en tók aldrei lögformlegt gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Árið 2006 var aftur unnin tillaga að deiliskipulagsbreytingu (Landlínur), sem byggði á tillögunni frá 2002. Í þeirri tillögu var frístundabyggðin stækkuð um tæpa 5 ha, íbúðarlóðum fjölgað um tvær og 11 frístundalóðum var breytt í íbúðarlóðir. Jafnframt voru byggingarreitir skilgreindir og skilmálar uppfærðir. Tillagan var notuð til grundvallar veitingar byggingarleyfa, þó svo að hún öðlaðist aldrei lögformlegt gildi. Samhliða fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður nýtt deiliskipulag fyrir Birkilund kynnt, sem byggir að mestu leyti á deiliskipulagstillögunni frá 2006. Suðaustanverðu við skipulagið er í gildi deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis í landi Hóla sem öðlaðist gildi með auglýsingu nr. 245/2004 í B-deild Stjórnartíðinda þann 2. mars 2004.

## 2 STAÐHÆTTIR

### 2.1 Minjar

Fornleifaskráning fyrir hluta skipulagssvæðisins var unnin af Magnúsi A. Sigurðarsyni, minjaverði Vesturlands árið 2015 en fornminja- og húsaskráning fyrir allt svæðið hefur ekki verið unnin. Samkvæmt skráningu Magnúsar er á Birkilundi 37 aðflutt timburhús frá árinu 1898 sem er friðað vegna aldurs sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Einnig eru skráðar friðlýstar minjar (híbýli) á Birkilundi 27, en þær sjást ekki á yfirborði. Staðsetning minjanna er sýnd á skipulagsuppdrætti. Við framkvæmdir á svæðinu ber í huga 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

Samkvæmt fasteignaskrá eru 26 hús á svæðinu og eru þau reist á tímabilinu 1974 – 2022 og þar er ekki með talið húsið frá 1898. Ekki er talið að húsaskráning þurfi að eiga sér stað fyrir skipulagssvæðið undanskildu húsinu frá 1898 sbr. 16 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### 2.2 Náttúrufar

**Veðurfar og náttúruvá**

Samkvæmt Vindatlas Veðurstofu Íslands (ed.) er suðaustanátt ríkjandi á skipulagssvæðinu. Engin skriðu- eða sjóflóðahætta er fyrir hendi og talið er að lítil hætta sé á eldgosum eða jarðumbrotum á svæðinu.

**Vistgerðir með hátt verndargildi: Birkiskógur og -kjarr**

Samkvæmt kortagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (NÍ, 2019b), er svæðið að mestum hluta flokkað sem kjarrskógavist þ.e. lágvaxnir ósamfelldir birkiskógar og -kjarr og lynggróður. Ríkulegt fuglalíf er gjarnan á slíkum svæðum og algengt að skógarþröstur, þúfutittlingur, hrossagaukur, rjúpa og músarrindill verpi þar. Athygli er vakin á því að vistgerðakortið er í mkv. 1:25000 og því ekki nákvæmt við deiliskipulagsgerð.

Samkvæmt kortagrunni Skógræktarinnar, *Náttúrulegt birki á Íslandi*, er að finna birkiskóg á skipulagssvæðinu en samkvæmt skilgreiningu er náttúruskógur að lágmarki 0,5 ha að flatarmáli . Hæð skógarins er áætluð 2-3 metrar og heildarkrónuþekja um 80%. Í slíkum skógum eru sjálfsánar trjátegundir ríkjandi s.s. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir og loðvíðir og ná fullvaxnar a.m.k. 2 m hæð og a.m.k. 10% krónuþekju, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019 en markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra (Land og Skógur, 2015).

Í Land og líf, Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031 sem Matvælaráðuneytið gaf út 2022, eru náttúruskógar og votlendi skilgreint sem mikilvæg vistkerfi margra lífvera og fyrir líffræðilega fjölbreytni í víðara samhengi. Þessi vistkerfi geyma mikið magn kolefnis, ekki síst í jarðvegi. Almennt hefur slíkum vistkerfum verið raskað verulega og er vernd þeirra því einn af hornsteinum gróðurs- og jarðvegsverndarstarfs á Íslandi. Einnig kemur fram í áætluninni að mikilvægt er að vernda þær skógarleifar og náttúrskóga sem fyrir eru og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra með sjálfsáningu. Með þessu er verið að styrkja líffræðilegan fjölbreytileika og uppbyggingu jarðvegs. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.

Birkiskógar og leifar þeirra s.s. gömul tré, falla undir sérstaka vernd þar sem þeir eru sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Land og skógur heldur utan um óbirtan lista yfir skóga sem falla undir 61. gr. og er umræddur skógur ekki á listanum að svo stöddu. Því er ekki talin þörf á sérstakri umsögn Umhverfisstofnunar við úthlutun framkvæmda- og/eða byggingarleyfa. Þó svo að skógurinn falli ekki undir ofangreind lög hvetja Umhverfisstofnun og Land og skógur til þess að birkiskóginum verði hlíft þar sem þeir eru sjaldgæfir á Snæfellsnesi vestan Álftafjarðar. Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar segir: *„Sauraskógur er eini teljandi birkiskógurinn í Helgafellssveit. Hann er sérstaklega fallegur og skemmtilegur vitnisburður um gróðurfar eins og það líklega var fyrir árhundruðum, þar sem skiptast á blautir eða hálfblautir flóar á milli kjarri vaxinna ása.“*

**Aðrar vistgerðir með hátt verndargildi**

Samkvæmt Vistgerðakorti N.Í. er á skipulagssvæðinu einnig að finna starungsmýravist, brokflóavist og lyngmóavist á láglendi en þessar tegundir eru með mjög hátt verndargildi. Þessar vistgerðir eru ekki innan framkvæmdarsvæða en komi til nauðsynlegra framkvæmda á slíkum svæðum, skal halda raski í lágmarki og sár grædd jafnóðum með samskonar yfirborðsefni.

**Votlendi**

Samkvæmt kortagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Sérstök vernd náttúrufyrirbæra* (NÍ, 2019a), er lítt raskað votlendi sunnan Skjaldarvatns (stærra en 20.000 m²). Þar sem byggingarreitir og þegar reistar byggingar eru ekki innan votlendisins og aðeins er fært fótgangandi að vatninu að norðanverðu, er talið ólíklegt að votlendið verði fyrir raski.

**Mótvægisaðgerðir**

Í deiliskipulagstillögunni er leitast við að taka tillit til vistgerða með hátt verndargildi, mikilvæg búsvæði fugla og hlífa Sauraskógi eins og frekast er unnt til þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og sérstöðu skógarins. Byggingarreitir eru hafðir frekar litlir og þeir staðsettir með tilliti til gróðurfars og er þeim komið fyrir þar sem birkiskógurinn er gisinn. Allar byggingar skulu vera innan byggingarreita til þess að lágmarka dreifingu mannvirkja innan lóða og viðhalda stærra og samhangandi óröskuðum vistkerfum. Jarðraski vegna framkvæmda skal stillt í hóf og ef landsár verða skal lóðarhafi græða yfirborðið jafnóðum. Áhersla er lögð á að vernda birkikjarr á framkvæmdatíma og beita mótvægisaðgerðum í tilvikum þar sem brýn nauðsyn kallar á rask eða eyðingu trjágróðurs með því að gróðursetja sambærilega miklum náttúruskógi annarsstaðar á lóðum, á skipulagssvæðinu eða innan sveitarfélagsins í samráði við Land og skóg og Frístunda- og íbúðarhúsfélagið í Birkilundi. Mótvægisaðgerðir geta falist í útplöntun eða sáningu þannig að upp komist skógur sbr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Sé um að ræða 60-100 ára gamlan skóg er ekki nægilegt að gróðursetja/sá sambærilega miklum skógi og tapast hefur og þarf ávallt að skoða vel hvert tilvik fyrir sig að höfðu samráði við Land og skóga. Mótvægisaðgerðir skulu hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógarins sbr. 3. mgr. 19 gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Sækja þarf skriflega um leyfi hjá stofnuninni fyrir skógarhöggi vegna framkvæmda. Leyfisskylda er til komin vegna skuldbindinga Íslands um kolefnisforða, bindingu og losun þess.

## 3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

### 3.1 Samgöngur

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Stykkishólmsvegi (58) um Sauraveg (5770) og frá Snæfellsnesvegi (54) um Hóla. Gamli þjóðvegurinn til Stykkishólms liggur um skipulagssvæðið og er hann í aðalskipulagi skilgreindur sem gömul þjóðleið, göngu- og reiðleið. Hluti hans er flokkaður sem héraðsvegur og heitir Birkilundarvegur (5770), sá vegur nær frá Sauravegi (5770) og að Birkilundi 39 og Birkilundi 43. Stefnt er að því að gamli þjóðvegurinn, sem liggur í gegnum Birkilund, verði í framtíðinni skilgreindur sem héraðsvegur og skal hann uppfylla kröfur sem eru settar fram í reglugerð um héraðsvegi nr. 774/2010. Vegir skulu vera a.m.k 4 m breiðir með 1 m gróðurlaust belti (vegsvæði) beggja vegna meðfram vegum vegna brunavarna og mynda þannig brunahólf til að tefja gróðurelda. Vegsvæðið er sýnt á skipulagsuppdrættinum. Vegir skulu þola a.m.k. 20 tonna öxulþunga allt árið um kring. Snúningsplan skal vera við enda botnlanga. Heimilt er að leggja veitumannvirki í veg innan 1 m frá skilgreindum vegkanti og á opnum svæðum. Bílastæði skulu vera innan lóða og skal útfærsla þeirra ásamt aðkomu að útleigu-, íbúðar- og frístundahúsum sýnd á byggingarleyfisteikningum. Ekki er gert ráð fyrir einkabílastæðum í götum eða sameiginlegum bílastæðum. Óheimilt er að hindra umferð að lóðunum og skal aðkomuvegur ávallt vera greiður. Eftirfarandi kvaðir um aðgengi og umferð eru settar á nokkrar lóðir þar sem aðkomuvegur liggur um þær.

Kvöð er sett um aðgengi og umferð að lóðum 7, 7a, 8 og 8a með kvöð á lóðum 5, 6, 6a og 9.
Kvöð er sett um aðgengi og umferð að lóð 10 með kvöð á lóð 11.
Kvöð er sett um aðgengi og umferð að lóð 13 með kvöð á lóð 15.
Kvöð er sett um aðgengi og umferð að lóð 27 með kvöð á lóð 26.
Kvöð er sett um aðgengi og umferð að lóðir 32, 33 og 34 með kvöð á lóð 35.
Kvöð er sett um aðgengi og umferð að lóð 42 með kvöð á lóð 43.
Kvöð er sett um aðgengi og umferð á lóð 44 um Brautarskörð.

### 3.2 Gróður

Lóðarhafa er heimilt að gróðursetja á lóð sinni. Stærri trjám skal velja stað þannig að þau varpi ekki skugga á hús/pall nágranna eða hindri útsýni þaðan. Óheimilt er að gróðursetja plöntur innan skipulagssvæðis sem eiga ekki uppruna sinn í íslensku plöntuflórunni. Plöntur sem heimilt er að gróðursetja innan skipulagssvæðis eru t.d. birki, ilmreynir, gulvíðir, grávíðir, loðvíðir og íslenskur einir.

### 3.3 Opið svæði til útivistar

Innan skipulagssvæðis eru skilgreindir göngustígar á opnum svæðum. Heimilt er að hafa göngustíga við enda snúningsplana og milli svæða. Einnig er heimilt að hafa göngustíg meðfram Skjaldarvatni. Við gerð göngustígs skal hafa vistgerðirnar í huga og skal raska þeim sem minnst. Heimilt er að hafa timburgöngustíg meðfram Skjaldarvatni og þar sem er votlendi. Heimilt er að bera trjákurl/möl í göngustíga og klippa greinar af trjám til að viðhalda stígum. Gangandi umferð er heimil á opnum svæðum.

### 3.4 Veitur, sorp og öryggismál

Heimilt er að leggja veitumannvirki í veg og skulu þau vera innan vegsvæðis (1 m frá vegkanti) og á opnum svæðum. Heimilt er að viðhalda og endurnýja núverandi lagnir. Kvöð er sett á lagnaleið til að tryggja aðgengi að þeim. Mikilvægt er að lagnaleiðir haldist óbreyttar þannig að framkvæmdir raski sem minnst vistkerfi svæðisins. Sett er kvöð á þær lóðir sem lagnaleið rafveitu og/eða hitaveitu/neysluvatns er innan lóða.

**Neysluvatn** er sótt í vatnsból í Svelgsáshrauni (Mosvellir).

**Rafmagn** er fengið frá dreifikerfi RARIK. Loftlína liggur um svæðið að suðvestanvert. Byggingar eru rafkynntar.

**Ljósleiðari** er á svæðinu á vegum Mílu.

**Fráveita** skal lögð í fráveitukerfi n.t.t. rotþrær, lóðarhafar geta sameinast um fráveitukerfi, séu öll skilyrði uppfyllt. Aðkoma hreinsibíla að fráveitukerfi skal vera aðgengileg. Fráveitukerfi ásamt siturlögn skal vera að lágamarki 10 m frá lóðamörkum og sýnd á byggingarleyfisteikningu, en gerð og nákvæmari staðsetning fráveitukerfis innan byggingareits er háð samþykki heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Óheimilt er að losa hættuleg efni og/eða hættulegan úrgang á svæðinu. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br., samþykkt sveitarfélagsins um fráveitu nr. 181/2018 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um Minni fráveitur (2022).

**Blágrænar ofanvatnslausnir** skulu vera nýttar innan skipulagssvæðisins eins og kostur er. Þar sem um er að ræða svæði með hlutfallslega stórum svæðum með gegndræpum yfirborðum, er ekki talin þörf á svelgjum eða yfirfallstjörnum innan skipulagssvæðisins. Regnvatn af húsþökum, affall húsa og vatn úr heitum pottum sem hefur verið kælt, skal leitt út á lóð á gegndræpt yfirborð. Óheimilt er að leiða regnvatn í rotþró.

**Sorp,** losun og förgun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Svæði fyrir sorpaðstöðu er norðan við Birkilund 40 um 2 km frá Stykkishólmsvegi (58). Staðsetning sorpaðstöðu við Birkilund 40 tekur mið af framtíðinni og sjálfbærum lausnum sbr. skipulagsreglugerð.. Nánari útfærsla svæðisins skal unnin með ásýnd landslags í huga með lokuðum sorpílátum og snyrtilegri umgjörð.

**Brunavarnir** skulu hafðar í huga við uppbyggingu svæðisins. Gera skal ráðstafanir vegna aðgengis að slökkvivatni t.d. með brunahana, aðgengi að Skjaldarvatni og/eða öðrum ráðstöfunum. Umhverfis hús skal vera gróðurlaust svæði sem miðast við öryggissvæði 2 sbr. leiðbeiningum um Brunavarnir í frístundabyggðum (2022), þ.e. fjarlægð húss að næsta gróðursvæðis skal vera að lágmarki 2 m. Leiðbeiningar um gróðurelda er hægt að nálgast á vefsíðu *www.grodureldar.is.*

## 4 BYGGINGARSKILMÁLAR

### 4.1 Íbúðarlóð

Eins og lög gera ráð fyrir, sækir framkvæmdaraðili um byggingarheimild/leyfi til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

**Byggingarreitur** er sýndur á skipulagsuppdrætti. Á lóð er heimilt að byggja eitt íbúðarhús og tvö aukahús. Heimilt er að reisa sambyggða eða frístandandi bílgeymslu. Ef bílgeymsla er frístandandi að þá telst hún til aukahúss. Samræma skal útlit bygginga á lóð.

**Byggingarmagn** er að hámarki 250 m² á lóð.

**Byggingarefni** skal vera timbur, að eins miklu leyti og kostur er.

**Vegghæð** skal vera á bilinu 2,5 m til 5 m, mælt frá gólfbita að skurðlínu vegggrindar að utan og við efri brún sperru.

**Salarhæð íbúðarhúss** er að hámarki 6,5 m.

**Salarhæð aukahúss** skal ekki vera meiri en 5 m.

**Þakgerð** er mænisþak. Þakhalli skal vera á bilinu 15-40°.

**Mænisstefna** er sýnd á skipulagsuppdrætti. Heimilt er að hafa mænisstefnu 90° á uppgefna stefnu.

**Litaval** skal miða að því að hús falli sem best inn í umhverfið t.d. timburbrúnt, mosagrænt, steingrátt eða svart.

**Lýsing** skal vera lágstemmd og miða að því að lýsa upp útveggi, gönguleiðir og verandir. Heimilt er að staðsetja útiljós á bílastæðum við íbúðarhús. Ljósgjafi skal lýsa á flöt og skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

**Aukahús** mega m.a. þjóna sem bílageymsla, geymsla, svefnhýsi, listasmiðja, gufubað, gestahús og/eða garðhús. Sameiginleg stærð aukahúsa teljast með í byggingarmagni lóðar.

**Íbúðarhús í Birkilundi í samræmi við HMS**

| Birkilundur (nr.) | Stærð aðalhúss (m²) | Stærð aukahúss (m²) | Stærð heildarbyggingamagn (m²) | Heildarbyggingarmagn sem heimild er að byggja við (m²) |
|---|---|---|---|---|
| **35** | 0 | 0 | 0 | 250 |
| **36** | 97,2 | 0 | 97,2 | 152,8 |
| **37** | 80,7 | 0 | 80,7 | 169,3 |
| **38** | 42,4 | 0 | 42,4 | 207,6 |
| **39** | 110,1 | 0 | 110,1 | 139,9 |
| **39a** | 97,2 | 0 | 97,2 | 152,8 |
| **40** | 67 | 0 | 67 | 183 |
| **40a** | 0 | 0 | 0 | 250 |
| **41** | 114 | 0 | 114 | 136 |
| **42** | 32,6 | 0 | 32,6 | 217,4 |
| **43** | 118,8 | 56 | 174,8 | 75,2 |
| **44** | 52,7 | 0 | 52,7 | 197,3 |
| **47** | 59,6 | 0 | 59,6 | 190,4 |
| **48** | 75,3 | 9 | 84,3 | 165,7 |
| **49** | 104,8 | 80 | 184,8 | 65,2 |
| **50** | 128 | 0 | 128 | 122 |
| **50a** | 0 | 0 | 0 | 250 |
| **50b** | 0 | 0 | 0 | 250 |

### 4.2 Frístundalóð

Eins og lög gera ráð fyrir, sækir framkvæmdaraðili um byggingarheimild/leyfi til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

**Byggingarreitur** er sýndur á skipulagsuppdrætti. Á lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús.. Lágmarksfjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum er 10 m og óheimilt er að staðsetja byggingar nær grónum bakka Skjaldarvatns en 50 m sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Samræma skal útlit bygginga á lóð.

**Byggingarmagn** er að hámarki 120 m² á lóð.

**Byggingarefni** skal vera timbur, að eins miklu leyti og kostur er.

**Vegghæð** er að hámarki 3 m, mælt frá gólfbita að skurðlínu vegggrindar að utan og við efri brún sperru.

**Salarhæð frístundahúss** er að hámarki 5,6 m.

**Salarhæð aukahúss** skal ekki vera meiri en 4,5 m.

**Þakgerð** er mænisþak. Þakhalli skal vera á bilinu 15-40°.

**Mænisstefna** er sýnd á skipulagsuppdrætti. Heimilt er að hafa mænisstefnu 90° á uppgefna stefnu.

**Litaval** skal miða að því að hús falli sem best inn í umhverfið t.d. timburbrúnt, mosagrænt, steingrátt eða svart.

**Lýsing** skal vera lágstemmd og miða að því að lýsa útveggi, gönguleiðir og verandir. Óheimilt er að staðsetja lampa og útiljós í meira en 2 m fjarlægð frá húsum. Ljósgjafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leyti skal hann vera hulinn. Útilýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

**Aukahús** mega m.a. þjóna sem geymsla, svefnhýsi, listasmiðja, gufubað, gestahús og/eða garðhús. Sameiginleg stærð aukahúsa teljast með í byggingarmagni lóðar.

**Frístundahús í Birkilundi í samræmi við HMS**

| Birkilundur (nr.) | Stærð aðalhúss (m²) | Stærð aukahúsa (m²) | Stærð heildarbyggingamagn (m²) | Heildarbyggingarmagn sem heimild er að byggja við (m²) |
|---|---|---|---|---|
| **1** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **2** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **3** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **4** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **5** | 73,9 | 0 | 73,9 | 46,1 |
| **6** | 104,3 | 9 | 113,3 | 6,7 |
| **6a** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **7** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **7a** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **8** | 70,6 | 0 | 70,6 | 49,4 |
| **8a** | 56,1 | 0 | 56,1 | 63,9 |
| **9*** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **10** | 50,6 | 0 | 50,6 | 69,4 |
| **11** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **12** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **13** | 74,5 | 43,1 | 117,6 | 2,4 |
| **14** | 55,9 | 0 | 55,9 | 64,1 |
| **15** | 74,6 | 20 | 94,6 | 25,4 |
| **16** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **16a** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **17** | 55 | 0 | 55 | 65 |
| **17a** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **18** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **18a** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **19** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **20** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **24** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **25** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **26** | 23,2 | 0 | 23,2 | 96,8 |
| **27** | 33,4 | 0 | 33,4 | 86,6 |
| **28** | 44,2 | 0 | 44,2 | 75,8 |
| **29** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **30** | 26,2 | 0 | 26,2 | 93,8 |
| **31** | 62,6 | 0 | 62,6 | 57,4 |
| **32** | 17 | 0 | 17 | 103 |
| **33** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **34** | 0 | 0 | 0 | 120 |
| **37** | 80,7 | 0 | 80,7 | 39,3 |
| **38** | 42,4 | 0 | 42,4 | 77,6 |

* Vantar upplýsingar um byggingarmagn.

### 4.3 Birkilundur 21-23 útleiguhús

Eins og lög gera ráð fyrir, sækir framkvæmdaraðili um byggingarheimild/leyfi til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

**Byggingarreitur** er sýndur á skipulagsuppdrætti. Byggingarreitur er fyrir útleiguhús og rekstrarhús á lóð. Á lóð er heimilt að byggja 15 útleiguhús og rekstrarhús sem þjónar útleiguhúsunum þ.e. þvottaaðstaða, geymsla og fleira. Fjarlægð milli bygginga skal vera í samræmi við 9.7.5 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

**Byggingarmagn** fyrir hvert útleiguhús skal vera að hámarki 45 m². Heimilt er að hafa rekstrarhúsið stærra en 45 m² en byggingarmagn á lóð skal ekki vera meira en 675 m².

**Byggingarform** er frjálst.

**Byggingarefni** skal vera timbur/límtré bitar, að eins miklu leyti og kostur er. Byggingarefni fyrir rekstrarhús er frjálst.

**Salarhæð** er að hámarki 4,5 m, mælt frá gólffleti hæðar.

**Vegghæð** er frjáls.

**Þakgerð** er frjáls.

**Litaval** skal vera í jarðlitum eða dökkum litum.

## 5 UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir jákvæðum samfélagslegum og hagrænum áhrifum þar sem uppbygging mun leiða af sér að fólk staldri við í sveitarfélaginu. Áhrif á umhverfið verða lítil og staðbundin þar sem um er að ræða eldri íbúðar- og frístundabyggð og flestir innviðir eru nú þegar til staðar þ.m.t. vegir og veitumannvirki. Ekki er búið að reisa hús á öllum lóðunum og skal uppbygging á þeim vera í samræmi við deiliskipulagsskilmála hvað varðar náttúruvernd. Með því að fara varlega á framkvæmdatíma, vönduðum frágangi og mótvægisaðgerðum er hægt að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið og eru slík vinnubrögð mjög mikilvæg þegar um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi (sjá kafla um náttúrufar). Hægt er að finna leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða inn á *www.namur.is.*

## 6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Vinnslutillaga deiliskipulags sem nú er kynnt var samþykkt af bæjarstjórn til kynningar þann 24. apríl 2024. Umsagnaraðilar eru Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Vegagerðin og Land og skógur. Vinnslutillagan er aðgengileg í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á heimasíðu sveitarfélagsins. Hún verður kynnt á opnu húsi í Ráðhúsi Stykkishólms 12. júní kl 16-18. Gera má ráð fyrir að deiliskipulagið verði samþykkt af bæjarstjórn til auglýsingar í júlí 2024. Umsagnaraðilar verða þeir sömu og á kynningartíma vinnslutillögu. Þá verður tillagan send til yfirferðar Skipulagsstofnunar. Geri stofnunin ekki athugasemdir innan þriggja vikna verður tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur við það gildi . Reikna má með að það verði í ágúst-september 2024.

**AÐALSKIPULAG HELGAFELLSSVEITAR 2012-2024**




**Hluti af skipulagsuppdrætti** **MKV: 1:50.000**

## 7 HEIMILDIR


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (2022). *Brunavarnir í frístundabyggðum.* https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/c64de6ad-0c11-4a4f-8329-3475686eec7c_Lei%C3%B0beining+um+brunavarnir+%C3%AD+fr%C3%ADstundabygg%C3%B0um+1.0.pdf

Matvælaráðuneytið (2022). *Land og líf, Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt.* https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20(1).pdf

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019a). *Sérstök vernd náttúrufyrirbæra.* https://serstokvernd.ni.is/

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019b). *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.* https://vistgerdakort.ni.is/

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). *Sérstök vernd náttúrufyrirbæra.* https://serstokvernd.ni.is/

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2021a). *Náttúruminjaskrá.* https://natturuminjaskra.ni.is/

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2021b). *Vöktun náttúruverndarsvæða.* https://iinh.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=d7728e40c14c440cab1154d868fe6a9b

Skógræktin (e.d.). *Náttúrulegt birki á Íslandi.* https://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3

Veðurstofu Íslands. (e.d.). *Vindatlas.* https://vindatlas.vedur.is/


Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, vegalög nr. 80/2007, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um menningarminjar nr. 80/2012, lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008, lög um brunavarnir nr. 75/2000, lög um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum nr. 40/2015. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001, reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.

### AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann ____________ 2024.

____________________________________

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________ 2024.

VINNSLUTILLAGA DEILISKIPULAGS BIRKILUNDAR
Í LANDI SAURA - BLAÐ 2/2

landlínur
hönnun og skipulag

| Dagsetning | Mælikvarði | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 12.04.2024 | 1:2500 (A1) | d295-Saurar | d295-Saurar.dgn | VÞ |


Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA